

Föstudaginn 10. september 1993.

Nr. 357/1993. **Ríkisspítalar**

gegn

þrotabúi Sigríðar H. Einarsdóttur.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Sértökuréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. ágúst 1993, sem barst réttinum 30. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. júlí sama ár.

Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðili greiði sér 3.800.601 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1992 til greiðsludags á grundvelli sértökuréttar samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Eins og mál þetta liggur fyrir, verður ekki á það fallist, að krafa sóknaraðila hafi verið sérgreind í búi varnaraðila, þá er skiptastjóri tók við því. Skilyrði 109. gr. gjaldþrotaskiptalaga fyrir sértökurétti er þannig ekki fullnægt. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð með tilvísun til forsendna hans.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila 60.000 krónur í kærumálskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Ríkisspítalar, greiði varnaraðila, þrotabúi Sigríðar H. Einarsdóttur, 60.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. júlí 1993.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 25. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi, en það var þingfest 29. apríl sl. til úrlausnar um lýsta kröfu Ríkisspítala í þrotabúi Sigríðar H. Einarsdóttur.

Sóknaraðili er Ríkisspítalar, kt. 540269-6379, Rauðarárstíg 31, Reykjavík.

Varnaraðili er þrotabú Sigríðar H. Einarsdóttur, kt. 221213-6379, Efstaleiti 10, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að varnaraðili greiði sóknaraðila 3.800.601 kr. auk dráttarvaxta skv. IV. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1992 til greiðsludags á grundvelli sértökuréttar samkvæmt 109. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991. Krafist er vaxtareiknings dómkrafna skv. 12. gr. vaxtalaga. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að hafnað verði dómkröfum sóknaraðila um sértökurétt á grundvelli 109. gr. laga nr. 21/1991 til greiðslu á skuld, að fjárhæð 3.800.601 kr., auk vaxta og málskostnaðar og staðfest, að samþykkja beri fjárkröfu sóknaraðila sem almenna kröfu í þrotabú varnaraðila. Jafnframt krefst varnaraðili málskostnaðar skv. mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti.

II.

Málavextir eru þeir, að bú Sigríðar H. Einarsdóttur var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 24. ágúst 1992. Skiptastjóri var skipaður Skarphéðinn Þórisson hrl. Á skiptafundi í þrotabúinu 10. desember 1992 var uppi ágreiningur um kröfu, sem Sigurður I. Halldórsson hdl. lýsti í þrotabúið af hálfu Ríkisspítala. Krafan var upphaflega að fjárhæð 4.182.304 kr., sem lýst var í búið samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991 á grundvelli sértökuréttar. Skiptastjóri samþykkti kröfu þessa sem almenna kröfu með 3.917.786 kr. Dráttarvextir voru lækkaðir úr 203.121 kr. í 117.185 kr., þar sem dráttarvextir í kröfulýsingu voru reiknaðir miðað við 20. október 1992, en átti að reikna miðað við 24. ágúst 1992. Kröfu um sértökurétt var með öllu hafnað. Ekki var unnt að jafna þennan ágreining með aðilum á skiptafundinum, og var því krafist úrlausnar dómsins með bréfi skiptastjóra, dagsettu 18. janúar 1993.

Viðskipti aðila máls þessa áttu sér langa sögu. Í júní 1992 greiddi sóknaraðili varnaraðila 3.800.601 kr. vegna mistaka. Sóknaraðili taldi sig eiga í viðskiptum við varnaraðila, en síðar kom í ljós, að þær vörur, sem sóknaraðili taldi sig vera að greiða fyrir, komu frá öðrum lögaðila. Sá aðili hafði tekið við rekstrinum í byrjun júní s. á., og sendi hann kröfu á Ríkisspítala frá þeim tíma. Mistökin uppgötvuðust ekki fyrr en um mánaðamót september/október 1992. Þegar bú Sigríðar H. Einarsdóttur var lýst gjaldþrota 24. ágúst 1992, var meðal eigna þess sparisjóðsbók með innstæðu að fjárhæð ca. 900.000 kr., og höfðu ávísanir sóknaraðila verið lagðar inn á þá bók.

Í máli þessu er deilt um það, hvort ofanefnd krafa Ríkisspítalanna njóti sértökuréttar samkvæmt 109. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991. Samkvæmt þeirri grein skal afhenda eign eða réttindi í vörslum þrotabús þriðja manni, ef hann sannar eignarrétt sinn að þeim, og með sama hætti skal afhenda öðrum réttihöfum eignir eða réttindi, sem þrotabúið á ekki tilkall til.

Samkvæmt ofanefndri lagagrein verður tveimur megin skilyrðum að vera fullnægt, til þess að eftir þessu ákvæði verði farið með afhendingu peningafjárhæðar. Hið fyrra er, að sá, sem krefst afhendingar peningafjárhæðar, verður að sýna fram á eignarrétt að henni. Seinna skilyrðið lýtur að því, að féð verður að vera sérgreint frá fjármunum búsins.

Óumdeilt er, að 3.800.601 kr. var greidd Kjötubúðinni Borg, sem var í einkaeigu Sigríðar H. Einarsdóttur, fyrir mistök, enda ljóst nú, að vörurnar, sem bárust sóknaraðila, voru ekki frá þeim aðila komnar. Þessi peningafjárhæð var afhent skiptastjóra ásamt öðrum fjármunum Sigríðar H. Einarsdóttur og Kjötubúðarinnar Borgar.

Sóknaraðili og Kjötubúðin Borg höfðu átt samfelld viðskipti um árabíl. Af gögnum málsins má sjá, að staða sóknaraðila í þessum viðskiptum var ýmist neikvæð eða jákvæð. Þegar kveðinn var upp úrskurður um gjaldþrotaskipti 24. ágúst 1992, var staða sóknaraðila jákvæð um 3.800.601 kr. Hér var því um viðskiptaskuld Kjötubúðarinnar Borgar og Sigríðar H. Einarsdóttur að ræða, sem telst krafa í þrotabú Sigríðar samkvæmt 113. gr. gjaldþrotalaga. Jafnframt er í ljós leitt, að kröfufjárhæðin var lögð inn á bankareikning þrotabúsins ásamt öðrum fjármunum búsins án nokkurrar aðgreiningar, og verður því að telja, að um sérgreiningu fjárins sé ekki að ræða.

Sóknaraðili heldur því fram í greinargerð, að skilyrði 109. gr. gjaldþrotalaga um sérgreiningu sé fullnægt, þar eð ljóst sé, að fjármunirnir hafi verið lagðir inn á bankareikning og þeir afhentir skiptastjóra við gjaldþrotaráskurðinn, og sé það á hans ábyrgð að halda þeim fjármunum sérgreindum. Ekki verður fallist á þessa röksemd sóknaraðila, enda kveðst skiptastjóri hafa fengið fjármunina í hendur sem hluta innstæðu á bankareikningi ásamt öðru fé án nokkurrar aðgreiningar, og er þeirri fullyrðingu hans ómótmælt. Verður því að fallast á það með varnaraðila, að skilyrði 109. gr. laga nr. 21/1991 sé ekki fullnægt, hvað varðar sérgreiningu fjárins.

Með hliðsjón af ofanrituðu þykir verða að hafna kröfu sóknaraðila um, að varnaraðili greiði honum kröfufjárhæðina með dráttarvöxtum frá 1. júlí 1992 til greiðsludags skv. 109. gr. laga nr. 21/1991. Samþykking ber fjárkröfu sóknaraðila sem almenna kröfu í þrotabú varnaraðila.

Málkostnaður ákveðst 50.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur.

Arnfríður Einarsdóttir, settur fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Ríkisspítala, að varnaraðili, þrotabú Sigríðar H. Einarsdóttur, greiði sér 3.800.601 kr. með dráttarvöxtum frá 1. júlí 1992 til greiðsludags samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991, er hafnað. Krafan skal njóta stöðu almennrar kröfu í þrotabú varnaraðila.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 50.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, í málskostnað.
